


4. MENNTUN OG TÓMSTUNDIR

Eina leiðin til lýðræðismenntunar er að sú menntun fari fram á lýðræðislegan hátt. Ef það tekst opnast leiðir sem auðvelda alla menntun, gera hana betri og aðgengilegri, og í kjölfarið eykst virðingin fyrir mannréttindum.

Úr ávarpi Maud de Boer-Buquicchio
aðstoðarframkvæmdastjóra Evrópuráðsins



Menntun er í sjálfu sér grundvallarmannréttindi. Hún er mikilvæg fyrir þroska manneskjunnar og einnig tæki til að öðlast önnur réttindin og njóta þeirra. Í 26. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar er kveðið á um að allir eigi rétt til menntunar og hún skuli veitt ókeypis, að minnsta kosti á grunnskóla- og undirstöðustigum sem eru skyldubundin. Í Mannréttinasáttmála Evrópu, 2. grein viðauka nr. 1, er kveðið á um að engum manni skuli synjað um rétt til menntunar. Framhaldsskólanám, starfsnám og háskólamenntun, sem enn stendur ekki öllum til boða í Evrópu, ætti að vera í boði eins víða og mögulegt er.

En ókeypis grunnmenntun er þó ekki lengur talin nægja til að tryggja réttinn til menntunar. Uppfylla skal þrjú önnur skilyrði:

1. **Jöfn tækifæri:** Ríkið skal ekki einungis tryggja jafnt aðgengi, heldur einnig jöfn tækifæri til að ná góðum árangri. Í því felst að sumum börnum þarf að skapa sérstakar aðstæður og veita meiri aðstoð en öðrum. Heyrnarlaus börn eiga til dæmis rétt á viðeigandi búnaði til að auðvelda þeim námið, svo sem táknmáli, heyrnartækjum og túlkum, þegar þörf krefur. Svipaðar ráðstafanir þarf að gera vegna barna með aðrar sérþarfir svo að þau geti gengið í sama skóla og önnur börn og notið sömu tækifæra. Sum börn, til dæmis börn farandverkafólks í Evrópulöndunum, fá ef til vill ekki notið réttinda sinna til menntunar ef þau geta ekki fengið sérkennslu vegna þess flökkulífs sem foreldrar þeirra lifa. Jöfn tækifæri til að ná árangri í námi felast einnig í því að tekið sé tillit til annarra atriða; hvort kennt sé á móðurmáli barnsins, hvort það hafi aðstöðu til að læra heima, hafi aðgang að bókum, eða eigi við námserfiðleika að etja. Að stunda nám á eigin móðurmáli skilar ekki aðeins betri námsárangri heldur er einnig menningarlegur réttur. Það leysir ekki úr námserfiðleikum að hætta í skóla. Slíkum erfiðleikum skal mætt af vel menntuðum kennurum, sem hafa ýmiss konar náms- og kennsluáðferðir á valdi sínu, og öðrum aðilum, svo sem





félagsráðgjöfum, stuðningsfulltrúum og sálfræðingum. Jöfn tækifæri til menntunar er lykilatriði í baráttunni gegn fátækt.

2. **Góð menntun:** Ríkinu ber að tryggja jafnan aðgang að góðri menntun. Of algengt er að kerfið sé tvískipt, annars vegar séu skólar fyrir best settu nemendurna með vel menntuðu starfslíði og fyrsta flokks aðbúnaði, og hins vegar hina fátækari þar sem allan nauðsynlegan búnað og starfsþekkingu skortir. Tryggja skal að grunnmenntun, sem eykur þekkingu og hæfni nemenda, standi öllum til boða upp að tilteknum aldri. En góð menntun felst ekki einungis í því að auka efnislegt framlag til skólakerfisins eða skilvirkni skólans. Eins og segir í skilgreiningu UNESCO,¹ skulu mannréttindasjónarmið vera grundvöllur góðrar menntunar og fjalla skal um ný málefni, svo sem menningarlega fjölbreytni, fjöltyngi í námi, friðarmál, baráttu gegn ofbeldi, sjálfbæra þróun og lífsleikni.
3. **Menntun sem beinist að því að manneskjan nái fullum þroska:** Sú menntun sem allir eiga rétt á byggist ekki bara á því að kunna að lesa, skrifa og reikna. Í Mannréttindayfirlýsingunni segir að með menntun skuli stefna að því að „þroska persónuleika einstaklinganna og auka virðingu fyrir mannréttindum, og efla skilning og vináttu meðal þjóða heimsins“. Í Barnasáttmálanum er nánar kveðið á um þá menntun sem sérhvert barn á rétt á:

Undirbúa (skal) barn til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi, í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis karla og kvenna og vináttu milli allra þjóða, þjóðháttá-, þjóðernis- og trúarhópa, og fólks af frumbyggjaættum.

Barnasáttmálinn, 29. grein

Rétturinn til menntunar felur því jafnframt í sér réttinn til að fræðast um mannréttindi. Þessu heildræna viðhorfi til menntunar má beita jafnt í formlegu námi sem óformlegu, en þá er átt við námsáætlanir utan hins hefðbundna skólakerfis sem frjáls félagsamtök standa gjarnan fyrir. Þessar tvær námsleiðir styðja og styrkja hvor aðra.

Sumum börnum kann að finnast undarlegt að menntun sé ekki einungis réttindi heldur einnig skylda. Þau kunna að skilja þetta ákvæði betur ef þau fá að fræðast um börn sem hafa ekki möguleika á skólagöngu og átta sig á hvaða áhrif það getur haft á líf þeirra og framtíðarmöguleika.

Barnavinna tengist þessu málefni náið. Á meðan fullorðið fólk á tilkall til „réttarins til vinnu“ eiga börn tilkall til verndar gegn óhóflegri eða hættulegri vinnu. Litið er á skólagöngu sem helsta „starf“ barna. Þó þurfa sum börn að vinna til að fjölskylda þeirra komist af, og öll börn geta – og ættu – að hjálpa til heima hjá sér. Mörg börn vinna á sumrin til að afla sér vasapeninga, og það getur verið þeim lærdómsrík lífsreynsla. En börn þurfa líka að vita að þau eru vernduð með lögum gegn illri meðferð og störfum sem eru hættuleg eða geta valdið þeim heilsutjóni. Vinna barna skal aldrei brjóta í bága við réttinn til menntunar eða réttinn til hvíldar og tómtunda (32. og 36. grein Barnasáttmálans). Börn geta fræðst um barnavinnu á árum áður í bókum og bíómyndum. Eldri börnin þurfa að fræðast um nútímaleg barnastörf og átta sig á hver munurinn er á vinnu sem hæfir ungu fólki og misnotkun í gróðaskyni.

Tækifæri til menntunar á 21. öldinni og nýjar áherslur í menntastefnu

Árið 1996 lagði UNESCO fram yfirlit yfir brýnustu vandamálin sem heimurinn stendur frammi fyrir og snerta menntun, en þau eru:²

1. spennan milli hins alþjóðlega og svæðisbundna
2. spennan milli hins almenna og hins einstaklingsbundna
3. spennan milli hefða og nútímaviðhorfa
4. spennan milli hins andlega og veraldlega



5. spennan milli langtíma- og skammtímasjónarmiða
6. spennan milli samkeppni og jafnra tækifæra
7. spennan milli hinnar gífurlegu þekkingaraukningar og hæfni manna til að tileinka sér þá þekkingu

UNESCO hefur lagt áherslu á að með fjórum svokölluðum „menntastoðum“ megi takast á við þessi brýnu verkefni.

1. *Læra að lifa í samfélagi við aðra:* Í þessu felst að menntun á að þroska með nemendum þá hæfni og færni sem nauðsynleg er til að þeir átti sig á samvirkni sinni meðal annarra: geti leyst úr ágrein- ingi; unnið með öðrum að sameiginlegum markmiðum og sameiginlegri framtíð; virði fjölhyggju og fjölbreytileika (t.d. varðandi kynferði, uppruna, trúarbrögð og menningu); taki virkan þátt í samfé- laginu.
2. *Læra að tileinka sér ýmsa færni og kunnáttu:* Það merkir að með menntun læri fólk að nýta kunnáttu sína: helstu aðferðir varðandi samskipti og munnlega tjáningu, læsi, reikningskunnáttu og úrlausnir vandamála; að afla sér almennrar þekkingar, sem og ítarlegrar kunnáttu á nokkrum sviðum; skilja hvað felst í réttindum og ábyrgð og síðast en ekki síst að læra að læra.
3. *Læra að framkvæma:* Menntun ætti að auðvelda nemendum að afla sér starfskunnáttu og félagslegrar og sálfræðilegrar hæfni sem gerir þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir um ýmsar aðstæður sem upp koma í lífinu, að þrífast í starfi og félagslífi, að vera virkir á alþjóðamörkuðum jafnt sem innan- lands, að nýta sér tæknina, að geta séð fyrir sér og aukið bæði eigin lífsgæði og annarra.
4. *Læra að vera til:* Menntun ætti að stuðla að persónulegum þroska og gera fólk sjálfstæðara, efla dóm- greind, gagnrýna hugsun og ábyrgðartilfinningu einstaklingsins. Markmiðið er að þroska alla hæfi- leika, til dæmis minni, rökhusun, listrænan smekk, andleg gildi, líkamlega getu og samskiptahæfni; heilbrigðan lífsstíl og ánægju af íþróttum og tólmstundastarfi; virðingu fyrir eigin menningu; sið- ferðislegan þroska; hæfni til að tala máli sínu og verja sig; og umburðarlyndi.

Þessi menntaverkefni hafa orðið öðrum alþjóðasamtökum hvatning til að móta nýjar aðferðir til að takast á við framtíðarmarkmið á sviði menntunar. Í Lissabonáætlun Evrópusambandsins³ er tilgreind sú lykilkunnátta og þekking sem Evrópubúum er nauðsynleg til að verða virkir og vel menntaðir þegar:

- að hafa vald á móðurmáli sínu
- að hafa vald á erlendum tungumálum
- stærðfræðikunnátta
- grunnþekking á tækni og vísindum
- færni í upplýsingatækni
- að læra að læra
- borgaraleg og félagsleg færni
- frumkvæði og framtak
- menningarvitund og tjáning

Verið er að fella tvær lykilhugmyndir inn í evrópska menntastefnu, þ.e. *símenntun* í *menntasamfélagi*. Um er að ræða samfélag þar sem fólki standa til boða ýmsir möguleikar á að auka hæfni sína á lífsleið- inni. Það viðhorf að formlegt og óformlegt nám bæti hvort annað upp nýtur aukinnar viðurkenningar í þessu samhengi. Í óformlegu námi er boðið upp á ýmiss konar efni og fjölbreyttar kennsluáðferðir. Og með slíkum sveigjanleika er hægt að gera þeim milljónum barna og fullorðinna, sem meinað er að stunda nám í hefðbundnu menntakerfi eða eru með öllu óskólagengnar, kleift að læra að lesa og skrifa o.s.frv.

SPURNINGAR: Hefur þú einhvern tímann stundað óformlegt nám? Hvernig líkaði þér það? Að hvaða leyti var það frábrugðið formlegu námi?



Rétturinn til tómsunda og leikja

Það er heilbrigði og þroska hvers barns svo mikilvægt að fá að stunda leiki að það er viðurkennt sem grundvallarréttindi í 31. grein Barnasáttmálans. Samkvæmt Alþjóðasamtökunum um rétt barna til að leika sér (International Association for Children's Right to Play) er „leikurinn ... grundvallaratriði þess að börn nái að þroska hæfileika sína ... því að í leik læra þau að elska og uppgötva lífið, leikurinn er ekki bara afþreying.“⁴ Börn að leik á öllum aldri eru að þroska hæfileika sína, nota líkama sinn og ímyndunarafli, og leikurinn er liður í afar mikilvægri félagsmótun. Í sömu grein Barnasáttmálans er enn fremur kveðið á um að börn eigi rétt á „... að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og [aðildaríki] skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómsundaiðju“.

Að leika sér og taka þátt í menningar- og listalífi er ekki einungis afþreying og skemmtun, heldur stuðlar slíkt að þroska barnsins sem sjálfstæður einstaklingur og eykur hæfni þess í mannlegum og þvermenningarlegum samskiptum. Með leik og listsköpun geta börn áttað sig á því hvað felst í grundvallarreglum mannréttinda, svo sem virðing, reisin, jafnrétti, þátttaka, réttlæti og samvinna.

Íþróttir hafa einnig félagslegt gildi á borð við þátttöku, samvinnu, einurð, viðleitni og jákvæða samkeppni. En til að þessir kostir fái notið sín verða bæði kennarar/leiðbeinendur og börn að stunda íþróttir á meðvitaðan hátt og vera jafnframt á verði gagnvart þeim hættum sem þeim kunna að fylgja, einkum þegar samkeppnin verður of mikil.

Alþjóðleg samtök, mannréttindi og menntun

UNESCO-áætlunin „Menntun fyrir alla“

Á WEF-ráðstefnunni (World Education Forum) sem haldin var árið 2006 var Dakar-yfirlýsingin, nýja heimsáætlunin um „menntun fyrir alla“ samþykkt, en markmiðið er að hún verði innleidd af UNESCO og ríkisstjórnnum heims fyrir árið 2015. Í þessari áætlun er sjónum beint að umönnun ungra barna, góðri menntun, aukinni lífsleikni og að kynjamisrétti verði útrýmt.

Evrópuráðið

Starfsemi Evrópuráðsins á sviði menntamála byggist á **Evrópusamningnum um menningarmál**. Tvær megindeildir ráðsins fjalla um menntamál, Skrifstofa skólamála, náms utan sem innan veggja skólans og æðri menntunar, sem og Skrifstofa æskulýðs- og íþróttamála. Skrifstofa skólamála beitir sér fyrir góðri menntun, nútímalegri menntastefnu, þvermenningarlegum samskiptum í krafti menntunar og menntunar til lýðræðislegrar borgaravitundar.

Skrifstofa æskulýðs- og íþróttamála annast gerð stjórnarfarslegra leiðbeininga og gerir áætlanir um þróun samfelldrar og skilvirkrar stefnu í æskulýðsmálum innan sveitarfélaga og á lands- og Evrópuvísu. Hún annast fræðslu og útvegar fjármagn til stuðnings alþjóðlegum verkefnum sem ætlað er að efla lýðræðislega borgaravitund meðal barna og ungmenna, mannréttindamenntun, félagslega samheldni og virka þátttöku ungs fólks. Skrifstofa æskulýðsmála starfar sem upplýsingamiðstöð um óformlegt nám í Evrópu.

Evrópuráðið leggur einnig áherslu á íþróttir þar sem þær stuðli að heiðarleika og umburðarlyndi meðal manna, og hvetur til heilbrigðra lífshátta og íþróttþátttöku. Í samvinnu við Evrópusambandið gaf Evrópuráðið til dæmis út fræðslu- og upplýsingaefni fyrir skóla og íþróttafélög, sem kallast „Clean Sports Guide“.



Gagnlegar heimildir

- Delors, Jacques, *Learning: the Treasure Within*: Report to UNESCO of the International Commission on Education for the Twenty-first Century: UNESCO Publishing, 1996: www.unesco.org/delors/delors_e.pdf
- *Tillögur Evrópuþingsins og -ráðsins frá 18. desember 2006 um grunnfærni á sviði náms alla ævi*: (2006/962/EC), Stjórnartíðindi EB, 2006: http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/oj/2006/l_394/l_39420061230en00100018.pdf

Gagnleg vefsvæði

- Evrópuráðið: www.coe.int
- Skrifstofa æskulýðs- og íþróttamála, Evrópuráðið: www.coe.int/youth
- Enabling Education Network: www.eenet.org.uk
- Evrópunefnd um ólympíuleika fatlaðra (EPC): www.europaralympic.org
- Evrópusamningurinn um íþróttir: www.coe.int/t/dg4/sport/SportinEurope/charter_en.asp
- Fótbolti gegn kynþáttafordómum í Evrópu: www.farenet.org

Tilvísanir

- 1 Sjá UNESCO, Peace and Human Rights Education: www.portal.unesco.org/education
- 2 Delors, Jacques, *Learning: the Treasure Within*: Report to UNESCO of the International Commission on Education for the Twenty-first Century: UNESCO Publishing, 1996, bls. 16.
- 3 *Tillögur Evrópuþingsins og -ráðsins frá 18. desember 2006 um grunnfærni á sviði náms alla ævi*: (2006/962/EC), Stjórnartíðindi EB, 2006.
- 4 „Declaration“ International Play Association, 1982.

